



## Stefna Brúarskóla

### Mannrækt Uppbygging

Starfið í skólanum er byggt á gleði og jákvæðni. Við trúum því að allir hafi eitthvað gott í sér og eigi möguleika á að verða betri manneskjur.

Dagurinn í dag er sérstakur, á morgun kemur nýr dagur. Allir bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Öllum nemendum og starfsmönnum á að líða vel í skólanum.



### Brúarskóli við Dalbraut

Dalbraut 12 105 Reykjavík

Sími: 553 6664 og 581 2528

Tölvupóstur: Magnus.Haraldsson1@reykjavik.is

## *Brúarskóli við Dalbraut*



*Hlutverk  
Nemendur og  
kennslutíminn  
Áherslur  
Samstarf*

*Mannrækt  
Virðing  
Jákvæðni  
Velliðan*

## *Brúarskóli við Dalbraut Hlutverk*

---

Brúarskóli við Dalbraut sinnir kennslu grunnskólanemenda sem eru á BUGL: Barna-og unglingageðdeild. Skólinn er ein af fimm starfsstöðvum sem tilheyra Brúarskóla (hinar eru við Vesturhlíð 3, á Stuðlum, Brúarsel Kleifarseli 18 og að Háholti). Skólastjóri Brúarskóla er Björk Jónsdóttir, deildarstjóri við Dalbraut er Magnús Haraldsson. Skólinn er rekinn af Reykjavíkurborg og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla.

Hlutverk Brúarskóla er að veita nemendum sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar- og félagslegum erfiðleikum námstilboð við hæfi í lengri eða skemmri tíma. Hlutverk skólans er einnig að veita ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks almenna grunnskólans, en við skólann starfar ráðgjafarsvið.

### *Nemendur og kennslutíminn*

Skólatími nemenda er alla virka daga vikunnar frá kl. 8:30 til kl. 12:10. Vegna síbreytilegrar samsetningar nemendahópsins er árgangablönduð samkennsla í fámennum hópum; auk umsjónarkennara eru tveir verkgreinakennarar, í smíði og handmennt.

### *Áherslur*

Kennslan er einstaklingsmiðuð í samræmi við námslega stöðu hvers nemanda og eftir getu og áhuga hvers og eins. Meginmarkmið kennslunnar er að styðja nemendur í námi þeirra í jákvæðu námsumhverfi og að efla félagslega færni og sjálfstraust nemenda.

### *Samstarf*

Kennarar skólans eru í nánu samstarfi við starfsfólk Barna- og unglingageðdeildar og við heimaskóla hvers nemanda. Að auki er faglegt samstarf við aðrar starfsstöðvar Brúarskóla.

### *Starfsmenn skólans*

Magnús Haraldsson deildarstjóri og umsjónarkennari á unglingastigi.  
Pórunn Benjamínsdóttir umsjónarkennari á unglingastigi.  
Arndís Sævarsdóttir umsjónarkennari á barnastigi.  
Þorsteinn G. Berghreinsson umsjónarkennari á barnastigi.  
Bjarni Þór Kristjánsson smíðakennari  
Lilianne van Vorstenbosch handmenntakennari.

Símatímar: mánu- þriðju- og fimmtudaga  
kl. 13–14

Sími: 553 6664 og 581 2528